

Kæru gestir!


Hjartanlega velkomnir í Petri-kirkjunni okkar en hún hýsir safnaðarstarf evangelísku-lúthersku kirkjunnar í Freiberg. Starfið í söfnuðinum einkennist af fjölbreyttu barna- og unglíngastarfi, virkri þátttöku safnaðarmeðlima í kirkjukórnum, í heimahópum og öðru safnaðarstarfi, svo sem ungu kirkjunni, eldri borgara starfinu og barnasönghópnum sem og fjölbreyttum tónlistarviðburðum.

Innandyra: Nútímaleg innanhússhönnun kirkjunnar er með því fyrsta sem fólk tekur eftir þegar komið er í kirkjuna. Kirkjuskipið er í senn hannað sem kirkja fyrir guðsþjónustur og salur fyrir veislur og viðburði. Undir svölunum er að finna fleiri rými fyrir safnaðarstarfið, sem og kennslustofur, rými fyrir æskulýðsstarf og tónlistarstarf. Þannig undirstrikar hönnun rýmisins hugmyndina um „kirkju í kirkju“. Eldhús og fleiri rými fyrir hópastarf eru einnig að finna undir sama þaki. Í gamla kór kirkjunnar er nú sýningarsalur.

Að innan er verulegur hluti kirkjunnar sköpunarverk Jóhanns Christian Feige eldri, eins og til dæmis framhlið (Prospekt) orgelsins og predikunarstóllinn en hann átti stóran þátt í endurreisn kirkjunnar eftir borgarbrunann mikla 1728. Hann er einnig höfundur höggmyndarinnar af Frúarkirkjunni í Dresden. 1896 stjórnaði Theodor Quentin miklum breytingum á kirkjunni innanverðri. Það var svo í tengslum við sameiningu miðborgarsóknanna St. Petri og St. Nikolai að farið var í frekari framkvæmdir sem leiddu til núverandi útlits kirkjunnar að innan.

Friedrich **P**ress: Hugsuðurinn á bak við breytingarnar sem farið var í á árunum 1974 til 1984 var hinn þekkti kirkjubyggingarlistamaður Friedrich Press (1904–1990). Höggmyndirnar sex undir svölunum eru tákn um hinn kristna söfnuð sem bíður. Þær horfa í átt að altarinu og á styttuna í glerveggnum, sem er tákn um endurkomu Krists (Opinberunarbókin, 20). Styttan í kórýminu sem táknar hinn þjáða þjón Drottins ber samkvæmt listamanninum nafnið „Hið síðasta óp“ (Jes. 52, 13–).

Orgel eftir **G**ottfried **S**ilbermann: Eitt sérkenni kirkjunnar stendur á vestursvölunum. Orgelsmiðurinn Silbermann lauk við smíði orgelsins fyrir Petrikirkju árið 1735. Þetta hljóðfæri er hið fyrsta sem Silbermann smíðaði þegar hann hafði að fullu mótað þá stefnu í orgelsmíði sem einkenndi orgel hans eftir það, þar sem hann náði fullkomnu valdi á hljómhugsun síðbarokktímans.



Orgelið hefur 32 hljómandi raddir (registur). Það er stærsta tveggja spilaborða orgel Silbermanns. Á árunum 1993 til 4 fóru fram endurbætur á orgelinu sem höfðu það að markmiði að færa orgelið aftur nær upprunalegri mynd og fjarlægja þar með breytingar sem höfðu verið gerðar á hljóðfærinu á 19. og 20. öld. Það var svo í júlí 2007 sem frekari endurbótum lauk. Þar með náði orgelið aftur sinni fyrri reisn. Silbermannorgelið er vinsælt hjá innlendu sem erlendu tónlistarfólki til flutnings á verkum allt frá barokktímanum til tónverka eftir Felix Mendelssohn-Bartholdy.

Síðdegis á hverjum miðvikudegi frá maíbyrjun til októberloka eru flutt tónverk á Silbermannorgelið. Að sjálfsögðu geta hópar og ráðstefnugestir beðið um sérstaka leiðsögn í tengslum við orgelið eða pantað smærri tónleika.



Byggingin og **K**lukkurnar: Kirkjan var upprunalega byggð fyrir 1190 sem rómönsk basilíka. En frá fornu fari nefndust þær kirkjur basilíkur sem eru að innan í þrennu lagi eftir endilöngu, stórt miðrymi og minni hliðarými meðfram veggjum, gjarna aðgreint með sverum súlum. Eins og aðalsalur kirkju er kallaður kirkjuskip, er þá talað um miðskip og hliðarskip basilíku. Hæst er til lofts í miðskipinu. Leyfar þessarar fornu byggingar frá 1190 sjást enn í altarisrými (kór) kirkjunnar.

Kirkjan sem rís hátt yfir borginni, með háum turni á vesturgafli mótar borgarmyndina og er tákn hennar. Turninn er tvískiptur, neðri hlutinn er kúpull (stundum kallaður húfa, vegna lögunar sinnar), en efri hlutinn er venjulegur turn með langri spíru.

Osswald Hilliger steypiti stóru kirkjuklukkuna árið 1487 og vegur hún 3.850 kg. Smærri klukkan er úr smíðju barnabarns hans, Wolf Hilliger. Hún var steyppt árið 1570 og vegur 1.940 kg. Kirkjurninn sem hýsir báðar klukkurnar var endurgerður árið 2005. Þaðan kalla klukkurnar til guðþjónustu. Úr Petri-turninum heyrast svo slög stundarklukkunnar og námumannaklukkunnar (Häuerlocke) oft á dag.



Turnar: Á auglýstum tímum eða eftir samkomulagi er velkomið að skoða og fræðast um hæsta turn gamla bæjarins í Freiberg, hinn 72 metra háa Petriturn.

Að sjálfsögðu svörum við frekari spurningum. Hafa má samband við sr. Tetzner á netfangið pfarer @ petri-nikolai-freiberg.de eða í síma +49 3731 247859. Starfsfólk safnaðarins er með síma 34188. Frekari upplýsingar um safnaðarstarfið og kirkjuna sjálfa, orgelið sem og um viðburði og guðsþjónustur á næstunni má finna á netinu: www.petri-nikolai-freiberg.de!

Isländisch

VI.00

www.petri-nikolai-freiberg.de

Með kærri þökk fyrir áhugann.

Stjórn **P**etri-**N**ikolai safnaðarins í Freiberg

Übersetzung: Pétur B. Thorsteinnsson und Vigslubiskup (Weihbischof) Kristján Valur Ingólfsson – vielen Dank!

